

Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að stefnandi hafi hér beitt lævísri brellu, og ber því að ómerkja setningu þessa, þar sem hún er óviðurkvæmileg.

Eftir þessari niðurstöðu verður krafa stefnanda um birtingarkostnað ekki tekin til greina, en rétt er að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 90.000 með hliðsjón af útlögðum kostnaði.

Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu vera dauð og ómerk.

Stefndi, Neytendasamtökin, greiði stefnanda, Nesco h/f, kr. 90.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 5. maí 1981.

Nr. 195/1979. **Jóhann Guðmundsson**

(Gunnar Sæmundsson hdl.)

gegn

**Hrólfí Ásvaldssyni og
Brunabótafélagi Íslands
og gagnsök**

(Hákon Árnason hrl.).

Bifreiðaárekstur. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Magnús P. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 6. nóvember 1979, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. október s. á. Hann krefst þess, að gagnáfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér óskipt 7.000.00 krónur með 19% ársvöxtum frá 2. nóvember 1978

til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, allt að frádregnum 1.250.00 krónum.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 20. nóvember 1979. Krefjast þeir aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda. Til vara krefjast þeir þess, að sök verði skipt og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði felldur niður.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann að því er varðar sakarskiptingu.

Aðiljar eru sammála um, að verðmæti bifreiðar aðaláfrýjanda hafi verið 700.000 gamlar krónur fyrir áreksturinn, en verðmæti bilflaksins eftir áreksturinn hafi numið söluverðinu, 125.000 gömlum krónum, sem aðaláfrýjandi fékk greiddar. Nemur heildartjón aðaláfrýjanda þá 5.750.00 nýkrónum. Ber gagnáfrýjendum að greiða aðaláfrýjanda óskipt helming þeirrar fjárhæðar, 2.875.00 krónur með 19% ársvöxtum frá 2. nóvember 1978 til greiðsludags, en upphafs-tíma vaxta hefur ekki verið andmælt.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest. Rétt er, að gagnáfrýjendur greiði aðaláfrýjanda óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, 2.500.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Gagnáfrýjendur, Hrólfur Ásvaldsson og Brunabótafélag Íslands, greiði aðaláfrýjanda, Jóhanni Guðmunds-syni, 2.875.00 krónur með 19% ársvöxtum frá 2. nóvember 1978 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest. Gagnáfrýjendur greiði aðaláfrýjanda óskipt 2.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. maí 1979.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 25. apríl sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu,

birtri 6. febrúar sl., af Jóhanni Guðmundssyni, nú til heimilis að Smyrlahrauni 16, Hafnarfirði, gegn Hrólfi Ásvaldssyni, Holtagerði 42, Kópavogi, og Brunabótafélagi Íslands in solidum til greiðslu skaðabóta vegna tjóns, er varð á bifreið stefnanda, G 1486, í árekstri við bifreið stefnda Hrólfs, Y 5663, þann 2. nóvember 1978.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu greiði kr. 700.000 með 19% ársvöxtum frá 2. nóvember 1978 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ, allt að frádregnum kr. 125.000, sem fengist hafi fyrir flak bifreiðar stefnanda við sölu í byrjun apríl sl.

Stefndu krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins, en til vara, að sök verði skipt í málinu, stefnukröfur verði lækkaðar í samræmi við það og að málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Stefndi Brunabótafélag Íslands er ábyrgðartryggjandi bifreiðar stefnda Hrólfs.

Sáttaumleitanir dómsins urðu árangurslausar.

Málavextir.

Árekstur varð með bifreiðum stefnanda og stefnda Hrólfs, sem þeir óku sjálfir, um kl. 1900 fimmtudaginn 2. nóvember sl., á mótum Hafnarfjarðarvegar, Sæbólsvegar og útkeyrslu frá Nesti við Hafnarfjarðarveg í Fossvogi. Stefndandi ók bifreið sinni, sem var Sunbeam fólksbifreið, frá bensínafgreiðslunni við Nesti og áleiðis að Kringlumýrarbraut, þar sem hann hugðist aka til Hafnarfjarðar. Til þess að komast inn á Kringlumýrarbrautina þarna þurfti hann að aka fram hjá gatnamótum Sæbólsvegar og Hafnarfjarðarvegar og aka í rennu þá, sem liggur af Hafnarfjarðarveginum inn á vestari akbraut Kringlumýrarbrautar. Hann þekkti vel aðstæður, þar sem hann tekur iðulega bensín á bifreið sína í Nesti og ekur síðan sem leið liggur út á Kringlumýrarbrautina. Að eigin sögn ók hann hægt og varlega og leit til beggja átta, en sá enga umferð. Hann ók því áfram út á Hafnarfjarðarvegin og tók stefnu að stansmerkinu við Kringlumýrarbrautina, en sá þá allt í einu bifreið koma frá hægri, og skall bifreiðin á bifreið hans, og var það bifreið stefnda Hrólfs. Stefndi Hrólfur ók sinni bifreið, Volga fólksbifreið, frá Kársnesbraut eftir Sæbólsvegi áleiðis að Hafnarfjarðarvegi til Reykjavíkur. Hann gerþekkti einnig aðstæður og ók þessa leið á hverjum degi. Nú var ljósatími, og hann hafði ljós á bifreið sinni. Dóttir hans sat í framsæti við hlið hans, og piltur var farþegi í aftursæti.

Stefndi ók eftir Sæbólsvegi, hvorki hratt né hægt að eigin sögn, og fram undan sá hann Hafnarfjarðarveginn til Reykjavíkur alveg auðan og enga umferð á honum. Hann leit að Nesti og tók ekki eftir bifreiðum þar. Hann dró ekki verulega úr ferðinni, er hann kom að gatnamótum Sæbólsvegar og Hafnarfjarðarvegar, en athygli hans var talsvert bundin við slæma holu, er hann vissi vera þar á gatnamótunum sem mætast mölin og malbikið. Skyndilega varð hann var við, að dóttir hans hrópaði upp var-úðarorð, en þá var örstutt í bifreið, sem var að koma fyrir hann. Hann reyndi að sveigja bifreið sinni til hægri og hemla, en bifreið hans lenti á framhlið hinnar bifreiðarinnar, sneri henni, hélt áfram yfir malar-,eyju“, sem skilur Hafnarfjarðarveg og Kringlumýrarbraut, og staðnæmdist á Kringlumýrarbrautinni. Skemmdir á bifreiðunum urðu talsverðar. Hægri framhluti bifreiðar stefnanda skemmdist þannig, að hægri hurðin dældaðist svo og frambrettið og framhöggvarinn, en bifreið stefnda gekk öll inn að framan, þannig að bæði frambrettin dælduðust og framhlutinn að vatnskassa. Bifreið stefnanda var óökufær eftir áreksturinn, og er ágreiningslaust í málinu, að viðgerðarkostnaður, kr. 778.000, hafi verið hærri fjárhæð en nemur verðmæti bifreiðarinnar fyrir árekstur, kr. 700.000.

Í máli þessu krefur stefnandi stefndu um verðmæti bifreiðar hans fyrir áreksturinn, kr. 700.000, að frádregnum kr. 125.000, sem fengist hafi fyrir flakið. Byggir hann kröfu sína á því, að stefndi Hrólfur eigi alla sök á árekstrinum, þar sem hann hafi ekki virt biðskyldu á Sæbólsvegi við gatnamótin. Stefndi Bruna-bótafélag Íslands, sem sé í fyrirsvari fyrir stefndu, hafi ekki viljað fallast á þetta og því hafi orðið að höfða málið. Biðskyldumerki sé á Sæbólsvegi við gatnamótin og hafi stefnda Hrólfi því borið að víkja fyrir bifreið stefnanda. Meginmálsástæða stefnanda sé sú, að bifreið hans hafi verið á Hafnarfjarðarvegi, er bifreið stefnda hafi verið ekið á hana af Sæbólsvegi. Þarna sé því augljóslega um brot á aðalbrautarrétti að ræða og beri stefndi í slíku tilfelli fulla sök. Til vara, sé ekki á það fallist, að stefnandi hafi verið á Hafnarfjarðarvegi, þegar áreksturinn varð, heldur í þann veginn að aka inn á Hafnarfjarðarveg, þá bendi stefnandi á, að hann hafi mátt treysta því, að bifreið stefnda og önnur umferð af Sæbólsvegi viki fyrir honum vegna biðskyldumerkisins á Sæbólsvegi og skipti þá ekki máli, þótt útaksturinn frá Nesti sé ekki aðalbraut. Í 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 40/1868 segi berum orðum, að þar sem sett hafi verið biðskyldu-

merki, skuli sá, sem kemur af hliðarvegi, skilyrðislaust víkja fyrir umferð þess vegar, sem hann ekur inn á eða yfir, hvort sem um aðalbraut sé að ræða eða ekki. Þetta sé skýrt orðað og ekki fari á milli mála, að þarna hafi stefndi því átt að víkja skilyrðislaust fyrir allri umferð, þar sem hann hafi haft biðskyldumerkið á móti sér. Þessi skýra regla taki af allan vafa um, hvernig umferðarrétturinn sé þarna á gatnamótunum. Stefndi beri hins vegar fyrir sig, að stefnandi hafi komið frá einkavegi og því hafi honum borið að víkja. Um það fjalli reyndar 5. mgr. sömu 48. gr. umferðarlaganna og þar segi, að þeir, sem aki frá einkavegum, skuli víkja fyrir umferð á vegi þeim, sem ekið sé inn á. Á þessum tveimur reglum sé svo mikill orðalagsmunur, að með samanburðarskýringu sé ljóst, að miklu ríkari skylda hvíli á þeim, sem sé við biðskyldumerki, heldur en þeim, sem aki af einkavegi, þar sem ekkert biðskyldumerki sé. Stefndi hafi í akstri sínum ekið frá einkaveginum hjá Nesti inn á Hafnarfjarðarveginn og hafi vikið fyrir umferð um hann skv. 5. mgr. 48. gr., en hann hafi ekki átt að víkja fyrir umferð, sem hafði biðskyldumerki. Auk þessa sé í ljós leitt, að stefndi Hrólfur sé fatlaður og hafi fötlun hans gert honum erfitt um vik við að stöðva bifreiðina og hafi það átt sinn þátt í því, að áreksturinn varð.

Stefndu styðja kröfur sínar þeim rökum, að stefnandi eigi sjálfur alla sök á árekstrinum, þar sem honum hafi borið að víkja fyrir bifreið stefnda skv. 5. mgr. 48. gr. umferðarlaga, þar sem hann hafi komið af einkaveginum við Nesti. Stefndi hafi ekið eftir vegi, sem nefnist Hafnarfjarðarvegur norðan suðurmarka athafnasvæðis Nestis, en Sæbólsvegur sunnan þeirra og þetta sé sami vegurinn. Biðskyldumerkið við Sæbólsveg taki aðeins til umferðar suður Hafnarfjarðarveg í átt að Kringlumýrarbraut, en ekki til umferðar frá Nesti inn á Hafnarfjarðarveg. Stefndi hafi ekki verið kominn á Hafnarfjarðarveg þegar áreksturinn varð, en það skipti hér ekki máli, þar sem umferð á veginum njóti sama forgangs gagnvart umferð frá einkaveginum.

Niðurstaða.

Ekki verður fallist á það með stefndu, að Sæbólsvegur og Hafnarfjarðarvegur séu einn og sami vegurinn. Hafnarfjarðarvegurinn, sem áður var kallaður Reykjanesbraut, hélt áfram á þessum stað undir núverandi Kringlumýrarbraut. Sæbólsvegur hefur lengi tengst gamla Hafnarfjarðarveginum á þessum sama stað, og var biðskyldumerkið sett þarna við gatnamótin árið

1958. Nesti var byggt árið 1956, og er óumdeilt, að akstursbrautir við það séu einkavegir í skilningi umferðarlaga.

Af teikningum lögreglu af vettvangi eftir áreksturinn og af rannsókn dómsins, lögmanna og aðilja á vettvangi verður ráðið, að bifreiðarnar hafi rekist saman á mörkunum, þar sem mætast þrjár akbrautir, Hafnarfjarðarvegur, Sæbólsvegur og einkavegurinn frá Nesti. Aðiljar ætluðu báðir að aka bifreiðum sínum inn á Hafnarfjarðarveg, og hafði stefndi biðskyldu vegna biðskyldumerkis, og stefnanda var einnig skylt að víkja, þar sem hann kom af einkavegi. Þeir áttu að sjá hvor annan, en hvorugur sá hinn, og verður ekki af málavöxtum ráðið, hvor hafi sýnt meiri óaðgæslu. 3. og 5. mgr. 48. gr. umferðarlaga fjalla um akstur aðilja, og á reglum þessum er orðalagsmunur, sem stefnandi hefur bent á. Orðalagsmunur þessi verður ekki talinn svo mikill, að sýnt sé, að akstur frá einkavegi hafi umferðarrétt gagnvart akstri, þar sem biðskyldumerki er, þar sem slíkar leiðir mætast. Verður því ekki talið, að annar aðilja hafi átt að víkja fyrir hinum við þessar aðstæður, og verður heldur ekki talið, að regla 1. mgr. 48. gr. um varúð til hægri skeri hér úr. Aðiljum þar því báðum að gæta fyllstu varúðar, og þeir máttu ekki aka inn á Hafnarfjarðarveg, fyrr en öll umferð var farin fram hjá. Þeir verða því taldir bera jafna sök á árekstrinum, og verður stefndu þannig gert að bæta stefnanda tjón hans að hálfu.

Stefndu verður því gert að greiða stefnanda kr. 350.000 með 19% ársvöxtum frá 2. nóvember 1978 til 2. apríl 1979, en af kr. 225.000 frá þeim degi til greiðsludags, að frádregnum kr. 125.000. Einnig verður stefndu gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 125.000.

Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndu, Hrólfur Ásvaldsson og Brunabótafélag Íslands, greiði stefnanda, Jóhanni Guðmundssyni, kr. 350.000 með 19% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 2. nóvember 1978 til 2. apríl 1979, en af kr. 225.000 frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 125.000 í málskostnað, að frádregnum kr. 125.000, innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.